

Fundargerð 34. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 16. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson, Ragnhildur Haraldsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kosning í embætti stjórnar - 1811001SO

Formaður gerir tillögu um að stjórn velji sér varaformann. Jafnframt að starfsmaður samtakanna sinni verkefnum ritara og gjaldkera.

Formaður gerði tillögu um Árna Eiríksson sem varaformann og var það samþykkt samhljóða. Jafnframt var samþykkt að starfsmaður gegni embættum ritara og gjaldkera.

2. Fundargerð aðalfundar 2018 - 1811001SO

Fundargerð lögð fyrir stjórn til kynningar. Fundargerð ritaði Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Samþykkt að fundargerðin verði send út til aðildarsveitarfélaga og birt á vef samtakanna.

3. Reglur um stjórnarfundir og þóknun stjórnarfólks - 1811001SO

Formaður leggur fram til afgreiðslu eftirtaldar fjórar tillögur að reglum um stjórnarfundir og þóknun til stjórnarfólks. Reglurnar eru efnislega samhljóða reglum fyrri stjórna:

Tillaga 1

Stjórn SO samþykkir að varamenn í stjórn verði boðaðir til allra funda og um greiðslur til þeirra, þóknun fyrir fundarsetu og ferðakostnað, gildi sömu reglur og um aðalmenn í stjórn.

Tillaga 2

Stjórn SO samþykkir að samtökin greiði ferðakostnað þeirra sem sækja stjórnarfundir samtakanna. Með ferðakostnaði er átt við akstur að fundarstað, eða að næsta innanlandsflugvelli, sé flogið þaðan til fundarstaðar. Einnig flug innanlands og leigu- eða bílaleigubíl til að komast til og frá fundarstað frá flugvelli. Greitt er fyrir akstur samkvæmt upplýsingum um ekna kílómetra og miðað við

gjald sem ferðakostnaðarnefnd ríkisins ákveður og gefur út. Stjórnarmenn bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um ferðakostnað til starfsmanns SO og skal það gert eigi síðar en fyrir lok viðkomandi almanaksárs ellegar fellur réttur til greiðslu ferðakostnaðar niður fyrir þann fund.

Tillaga 3

Stjórn SO samþykkir að greiða ferðakostnað og dagpeninga til formanns og eftir atvikum til annarra stjórnarmanna sem sækja fundi og aðra viðburði fyrir hönd samtakanna, svo sem fundi í ráðuneytum, með þingnefndum, með hagsmunasamtökum, fyrirtækjum eða í nefndum og starfshópum sem viðkomandi er tilnefndur til setu í fyrir hönd SO. Skilyrði fyrir greiðslu er að stjórn hafi á fundi, eða meirihluti stjórnar í gegnum tölvupóst, samþykkt viðkomandi ferð.

Tillaga 4

Stjórn SO samþykkir að greiða fulltrúum sem skipaðir eru í starfshópa eða nefndir fyrir hönd samtakanna þóknun fyrir slíka setu, sé ekki greidd þóknun af öðrum fyrir setuna. Greidd verði sama þóknun og Samband íslenskra sveitarfélaga greiðir fyrir nefndarsetu.

Formaður bar upp hverja tillögu fyrir sig og var hver samþykkt samhljóða.

4. Stefnumörkun stjórnar 2018-2020 - 1511003SO

Gildandi stefnumörkun stjórnar lögð fram til kynningar. Það er verkefni nýrrar stjórnar að endurskoða stefnumörkun hverju sinni.

Samþykkt að vísa afgreiðslu málsins til næsta fundar stjórnar.

5. Skýrsla starfshóps um regluverk fyrir starfsemi og framkvæmda vegna vindorkuvera - 1603001SO

Skýrslan lögð fram til kynningar ásamt minnisblaði lögfræðings hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um efni hennar.

Formaður kynnti fyrirbyggjandi gögn. Meginniðurstaða starfshópsins er að lagabreytinga sé ekki þörf. Lýstu fundarmenn nokkrum vonbrigðum með þá niðurstöðu.

6. Skýrsla ráðherra um nýjar aðferðir við orkuöflun - 1811002SO

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lagði nýlega fram á Alþingi skýrslu um nýjar aðferðir við orkuöflun.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

7. Fundaáætlun stjórnar - 1811001SO

Formaður lagði fram tillögu að fyrsta föstudegi annars hvers mánaðar sem fundardögum stjórnar fram á vorið eða 1. febrúar og 5. apríl. Aðrir fundir verða boðaðir eftir þörfum. Gert er ráð fyrir mætingu í Borgartúnið á 1. febrúarfundinum og að stefnumörkun stjórnar fyrir 2018-2020 verði þá rædd til hlítar. Einnig minnti formaður á vorfund stjórnar, sem hann sagði gagnlegan fyrir stjórn, enda þótt þeir hafi legið heldur í láginni síðustu ár. Þá lýsti formaður eftir hugmyndum vegna orkufundar samtakanna, sem haldinn er það ár sem aðalfundur er ekki. Fram kom sú hugmynd að halda orkufund í tengslum við vorfund stjórnar.

Tillaga formanns að fundaráætlun samþykkt samhljóða.

8. Aðalfundur Landssamtaka raforkubænda - 1710002SO

Formaður sótti nýlega aðalfund Landssamtaka raforkubænda og flutti þar erind af hálfu Samtaka orkusveitarfélaga.

Formaður sagði frá erindi sínu á fundinum. Þá samþykkir stjórn greiðslu á kostnaði formanns vegna fundarins, sbr. reglur stjórnar þar um.

9. Önnur mál - 1803002SO

Formaður rifjaði upp að sveitarstjórnarráðherra hefur boðað skipan nýs starfshóps vegna gjaldtöku af orkumannvirkjum.

Einnig greindi formaður frá fundarboði sem honum hefur borist frá ráðuneytinu vegna fundar sem samtökin hafa óskað eftir með ráðherra. Fundurinn fer fram 12. des. kl. 09:00 og gefst stjórnarmönnum kostur á að sækja fundinn ásamt formanni og starfsmanni. Þeir sem hafa hug á því eru beðnir um að láta starfsmann vita.

Þorsteinn Gunnarsson ræddi samskipti við Þjóðskrá vegna eignakráningar á orkumannvirkjum.

Þá urðu nokkrar umræður um orkusveitarfélög sem enn standa utan samtakanna og hvatningu til þeirra um að gerast aðilar.

Fleiri mál voru ekki rædd undir þessum dagskrárlið.

Fundi var slitið kl. 14:00

Stefán Bogi Sveinsson

Árni Eiríksson

Ása Valdís Árnadóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Jóhann Friðrik Friðriksson

Ragnildur Haraldsdóttir

Þorsteinn Gunnarsson